



Fréttabréf til forráðamanna í Glerárskóla

Glerárskóli Akureyri

Maí og júní 2018



18. maí 2018

Þá er komið að síðustu vikum skólaársins og stutt í að nemendur okkar fari í sumarfrí. Við leitumst við að nýta síðastu dagana og vonandi góða veðrið sem best og vera sem mest úti við. Þá er aldeilis gaman að hafa þetta skemmtilega umhverfi sem við eigum hér í Glerárhverfi, stutt í dásamlega náttúru sem gaman er að nýta til náms.



Uppbrotsdagarnir eru tveir þetta vorið. Þá daga fer fram öðruvísi nám en hið hefðbundna og vonum við að nemendur verði virkir og taki glaðir þátt í því námi sem í boði verður.

Þann 1. júní verður mikið fjör í skólanum þar sem vorhátíð foreldrafélagsins verður haldin.

10. bekkurinn okkar fór í skólaferðalag nú í vikunni. Leið þeirra lá í Skagafjörðinn þar sem farið var í Drangey, flúðasiglingar, útreiðar og ýmislegt fleira. Aðalmálið er ekki síst það að njóta þess að vera saman síðustu daga grunnskólans og skapa skemmtilegar minningar.

Þessa dagana erum við á fullu að skipuleggja næsta vetur, ráða nýtt fólk til starfa, raða í stundatöflur og skipuleggja allt annað sem þarf að gera á stórum vinnustað.

Nú þegar líður undir lok skólaárs viljum við þakka forráðamönnum fyrir gott samstarf á skólaárinu. Við kunnum vel að meta stuðning foreldra við starfið í skólanum. Njótið sumarsins.

„Saman lærum við, náum árangri og gleðjumst!“

Kær kveðja frá stjórnendum Glerárskóla,
Helgu, Tómasi Lárusi og Aðalheiði



8. tbl. 7. árg

Til umhugsunar:

- Hamingja
- Umburðarlyndi
- Árangur
- Gleði

Efnisyfirlit:

Maí til júní	1
Umsjónakennarar næsta vetur	2
Starfsmanna-breytingar	2
Vorhátíð	3
Skólaslit	3
Viðburðir	3
Fótboltavellir	4
Skil á bókum á bókasafn	4

Umsjónarkennrar skólaárið 2018-2019

Hér má sjá röðun umsjónarkennara á bekki næsta skólaár:

Umsjónarkennarar -	Heimastofur
1. bekkur	B 8 og B 10
Inga Huld Pálsdóttir	
Sigrún Ágústa Erlendsdóttir	
2. bekkur	A 1 og A 3
Anna Sigríður Halldórsdóttir	
Heimir Freysson	
3. bekkur	B 2 og B 4
Íris Dröfn Hafberg	
Þorbjörg Otta Jónasdóttir	
4. bekkur	B 7 og B 9
Helga Ingadóttir	
Hólmfríður Guðnadóttir	
5. bekkur	D 3 og D 4
Ingibjörg Björnsdóttir	
Karen Jóhannsdóttir	
6. bekkur	D 5 og D 7
Jóhann Ingi Einarsson	
Sveinn Leó Bogason	
7. bekkur	D 9 og D 10
Guðríður Sigurðardóttir	
Guðrún Þóra Björnsdóttir	
8. bekkur	A 5
Sigríður Víkingsdóttir	
9. bekkur	D 1 og D 2
Fríða Pétursdóttir	
Sigurjón Magnússon	
10. bekkur	D 8
Anna Guðrún Jóhannesdóttir	



Starfsmannabreytingar

Eyrún Halla Skúladóttir skólastjóri mun snúa aftur til starfa þann 1. ágúst nk.

Sigríður Hreinsdóttir kennari hefur sagt upp störfum og mun halda suður á bóginn. Rögnvaldur Bragi Rögnvaldsson stuðningsfulltrúi og skólaliði hefur sagt upp störfum en hann og kona hans hún Birna Guðrún iðjuþjálfinn okkar hyggjast eyða næsta árinu á erlendri grundu. Birna Guðrún fer í árs leyfi. Í hennar stað hefur Margrét Rós Sigurðardóttir verið ráðin iðjuþjálf.

Þá munu Elvar Smári Sævarsson, Guðfinna Ágústsdóttir, Kolbrún Sigurgeirsdóttir og Sindri Geir Óskarsson láta af störfum við skólann eftir að hafa starfað hjá okkur í vetur. Við óskum þeim öllum velfarnaðar og þökkum þeim samstarfið.

1. júní: Vorhátíð foreldrafélagsins

Vorhátíðin hefst kl. 11:30 og stendur til kl. 13:00. Á vorhátíðinni verður sýning á verkum nemenda og einnig verður ýmislegt skemmtilegt í gangi á skólasvæðinu. Við hvetjum alla til að mæta og eiga með okkur stund. Skipulag vorhátíðar er í höndum stjórnar foreldrafélagsins og bekkjaráða í samvinnu við starfsfólk skólans. Nánari dagskrá hefur þegar borist ykkur í tölvupósti. Hlökkum til að sjá ykkur öll.

Skólaslit Glerárskóla 5. júní

Skólaslit í 1.-4. bekk verða kl. 09:00 og í 5.-7. bekk kl. 10:00.

Byrjað verður í íþróttahúsi síðan fylgja nemendur kennurum sínum í heimastofur þar sem kennarar kveðja nemendur.

Skólaslit og útskrift 10. bekkinga verður í Gleráarkirkju kl. 16:30. Þar mæta nemendur í 8.—10. bekk. Að lokinni útskrift er kaffisamsæti 10. bekkinga, fjölskyldna þeirra og starfsmanna Glerárskóla í safnarheimili Gleráarkirkju.

Helstu viðburðir það sem eftir er skólaársins

15.—19. maí: Hjólavika í íþróttatímum hjá 5.—10. bekk
16.—18. maí: 10. bekkur í skólaferðalagi
14.—18. maí: UFA árgangamót hjá 4.—7. bekk á Akureyri
30. maí: Vorfundur með tilvonandi 1. bekkingum og forráðamönnum kl 15:00
31. maí: Skipulagsdagur—frí

1. júní: Uppbrotsdagur og vorhátíð
4. júní: Uppbrotsdagur
5. júní: Skólaslit

Allar nánari upplýsingar koma frá umsjónarkennurum

Glerárskóli,
v/Höfðahlíð
600 Akureyri

Skrifstofa skólans er opin alla virka daga frá
kl. 7:45—15:00 en í fríum nemenda er hún
opin frá kl. 10:00—12:00.

Sími skólans er: 461-2666

Fax skólans er: 461-1316

Netfang skólans er: glerskoli@akureyri.is


Heimasíða: www.glerarskoli.is



HUGUR - HÖND - HEILBRIGÐI

Við erum á
Facebook:

Föstudaginn 25. maí er síðasti
skiladagur bóka á bókasafnið.



Njótið sumarsins!



Fótboltavellir

Nú á vordögum færði Foreldrafélag Glerárskóla
skólanum að gjöf tvo litla sparkvelli sem nemendur
hafa nýtt sér óspart síðustu daga.

Við þökkum foreldrafélaginu kærlega fyrir góða
gjöf.

